

Fundargerð úthlutunarfundar landskjörstjórnar
föstudaginn 1. október 2021, kl. 16.00
Austurstræti 8-10, 2. hæð.

Ár 2021, föstudaginn 1. október kl. 16.00 kom landskjörstjórn saman til fundar í húsakynnum Alþingis að Austurstræti 8-10.

Mætt eru Kristín Edwald, Anna Tryggvadóttir, Heiða Björg Pálmadóttir, Ólafía Ingólfssdóttir og Páll Halldórsson ásamt Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur, ritara landskjörstjórnar, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson, forstöðumaður lagaskrifstofu Alþingis, og Stefán Ingi Valdimarsson, stærðfræðingur og ráðgjafi landskjörstjórnar. Einnig sat fundinn Sunna Rós Víðisdóttir, áheyrnarfulltrúi.

Landskjörstjórn samþykkti með tölvupósti á milli funda að flýta úthlutunarfundi sínum til föstudagsins 1. október kl. 16.

Fundurinn var auglýstur, í samræmi við ákvæði 106. gr. laga um kosningar til Alþingis, á vef landskjörstjórnar 29. september sl., í Fréttablaðinu 30. september, bls. 2, Morgunblaðinu 30. september, bls. 36 og á Rás 1 og Rás 2 í Ríkisútvarpsins 30. september, kl. 12.20 og kl. 18.

Formaður setti fund og kynnti dagskrá. Á fundinn mættu umboðsmenn eftirfarandi stjórn málasamtaka:

Björn Leví Gunnarsson, P-listi Pírata
Þórunn Birta Þórðardóttir, C-listi Viðreisnar
Magnús D. Norðdahl, P-listi Pírata
Haukur Logi Karlsson, B-listi Framsóknarflokks
Sævar Jónsson, B-listi Framsóknarflokks
Valur Sigurðsson, F-listi Flokks fólksins
Þráinn Óskarsson, F-listi Flokks fólksins
Örn Bergmann, M-listi Miðflokksins
Hólmfríður Hafberg, M-listi Miðflokksins
Guðrún Vala Elísdóttir, S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands
Hrönn Ríkharðsdóttir, S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands
Elín Árnadóttir, S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands
Hörður Gunnarsson M-listi Miðflokksins

Laufey L. Ólafsdóttir, J-listi Sósíalístaflokks Íslands
Oddný Eir Ævarsdóttir, J-listi Sósíalístaflokks Íslands
Hulda Hólmkelsdóttir, V-listi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs
Kristján Sveinbjörnsson, S-listi Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks
Íslands

1. Fundargerð fundar landskjörstjórnar 28. september 2021.

Samþykkt.

2. Úthlutun þingsæta skv. XVI. kafla laga um kosningar til Alþingis.

Formaður kynnti greinargerð landskjörstjórnar um úrslit alþingiskosninganna 25. september 2021, sem unnin var af Stefáni Inga Valdimarssyni.

Formaður les upp bókun landskjörstjórnar á úthlutunarfundi 1. október 2021:

Í XV. kafla laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, er fjallað um kosningaúrslit í kjördæmum, þ.m.t. um verkaskiptingu yfirkjörstjórna og landskjörstjórnar þegar kemur að úrslitum alþingiskosninga. Yfirkjörstjórnir annast talningu atkvæða í kjördæmum í samræmi við 97. gr. laga um kosningar til Alþingis. Landskjörstjórn leggur til eyðublöð fyrir skýrslur um atkvæðatölur, tekur á móti skýrslunum frá yfirkjörstjórnnum og úthlutar þingsætum í samræmi við XVI. kafla laganna. Svo landskjörstjórn geti byggt úthlutun þingsæta á traustum grunni þarf hún að ganga úr skugga um að skýrslur yfirkjörstjórna um atkvæðatölur séu byggðar á fullnægjandi upplýsingum.

Að morgni sunnudags 26. september sl. komu formaður landskjörstjórnar, ritari hennar og stærðfræðingur, sem er ráðgjafi landskjörstjórnar, saman í húsakynnum Alþingis til þess að taka á móti skýrslum yfirkjörstjórna svo að reikna mætti út atkvæðatölur framboðslista og gera grein fyrir breyttum atkvæðum, sbr. 105. og 110. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þá lágu fyrir í fjölmiðlum niðurstöður talninga í einstökum kjördæmum. Af þeim mátti ráða að einungis sjö atkvæðum munaði á frambjóðanda V-lista og frambjóðanda M-lista í Suðurkjördæmi og að viðsnúningur á atkvæðatölu þessara framboða hefði áhrif á úthlutun þingsæta. Enn fremur mátti ráða að einungis munaði tveimur atkvæðum á atkvæðahlutfalli C-lista í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi og að viðsnúningur á þessum hlutföllum hefði áhrif á úthlutun jöfnunarsæta. Næmisgreining eins og hér er lýst hefur verið hluti af yfirferð landskjörstjórnar við undanfarnar kosningar og hafa niðurstöður hennar jafnan verið kynntar fyrir

kjörbréfanefnd Alþingis. Í þetta sinn var ljóst að atkvæðafjöldi sem gæti haft áhrif á úthlutun þingsæta var minni en áður. Var athygli yfirkjörstjórna Norðvestur- og Suðurlkjördæma vakin á þessu. Í símtali við formann landskjörstjórnar upplýsti formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að ákveðið hefði verið að endurtelja greidd atkvæði í kjördæminu þegar í ljós hafi komið misræmi í flokkun atkvæða sem voru greidd C-lista. Áréttaði formaður landskjörstjórnar mikilvægi þess að umboðsmenn framboðslista væru viðstaddir endurtalninguna.

Sama dag, sunnudaginn 26. september, kl. 17.47, bárust landskjörstjórn gögn frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis í tölvupósti með fyrirsögninni „Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi.“ Þar sem gögnin voru óskýr og ekki á því sniðmáti sem landskjörstjórn hafði sent yfirkjörstjórnnum til útfyllingar var haft samband við tengilið yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og barst skýrslan, með atkvæðatölum framboða, landskjörstjórn kl. 11.39, mánudaginn 27. september. Þar með hafði borist ein skýrsla um kosningaúrslit frá hverju kjördæmi. Úthlutun samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna allra kjördæmanna leiddi til þess að jöfnunarsæti færðust milli kjördæma frá því sem kynnt hafði verið í fjölmiðlum og hafði það áhrif á kosningu fimm þingmanna. Síðar sama dag bárust landskjörstjórn athugasemdir umboðsmanns P-lista í Norðvesturkjördæmi við það hvernig staðið var að framkvæmd endurtalningarinnar, boðun umboðsmanna og varðveislu kjörgagna. Jafnframt hafa landskjörstjórn borist afrit af bréfum tveggja frambjóðenda frá 27. september, þar sem gerðar eru athugasemdir við framkvæmd talningarinnar. Af hálfu yfirkjörstjórnar Suðurlkjördæmis var upplýst að kjörstjórnin hefði, eftir að hafa yfirfarið verklag við flokkun og talningu atkvæða, ákveðið að endurtelja ekki atkvæðaseðla í kosningunum. Yfirkjörstjórn Suðurlkjördæmis endurskoðaði síðar þessa ákvörðun sína á fundi 27. september í kjölfar beiðna umboðsmanna V-lista, P-lista, D-lista, J-lista og S-lista í kjördæminu. Endurtalning kjörseðla í kosningunum í Suðurlkjördæmi fór fram síðar þann dag. Niðurstaða tvöfaldrar endurtalningar í kjördæminu skilaði nákvæmlega sömu niðurstöðu og kynnt var í lokatölum yfirkjörstjórnarinnar.

Í ljósi þess að landskjörstjórn skal byggja úthlutun sína á skýrslum yfirkjörstjórna, sbr. 106. og 105. gr. laga um kosningar til Alþingis, og að frávík í niðurstöðum kosninganna í Norðvesturkjördæmi frá því sem kynnt hafði verið í fjölmiðlum reyndust hafa umtalsverð áhrif á úthlutun jöfnunarsæta ákvað landskjörstjórn á fundi sínum 27. september sl. að afla nánari upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um framkvæmd flokkunar og talningar atkvæða í öllum kjördæmum. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um meðferð kjörgagna, allt frá því að kjörgögn bárust

yfirkjörstjórn til talningar og þar til talningu var lokið í einstökum kjördæmum og hvernig boðun og upplýsingagjöf til umboðsmanna framboðslista var háttað. Sérstaklega var þess óskað að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis veitti upplýsingar um verklag við endurtalninguna og hvað skýrði mun á heildarfjölda atkvæða og breytingu á fjölda ógildra seðla á milli talningar og endurtalningar. Loks óskaði landskjörstjórn eftir afriti af fundargerðum yfirkjörstjórna frá og með kjördegi. Landskjörstjórn bærust umbeðin gögn og upplýsingar 27. og 28. september. Landskjörstjórn hefur kynnt sér og yfirfarið svör og fundargerðir yfirkjörstjórna um talninguna.

Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá fundi hennar 25. – 26. september er rakið tilefni endurtalningarinnar og lýst niðurstöðum hennar. Jafnframt er rakið í hverju misræmi frá fyrri talningu hafi verið fólgið. Tekur yfirkjörstjórnin fram að þær breytingar sem orðið hafi við endurtalninguna hafi verið „vegna mannlegra mistaka og [harmi] yfirkjörstjórn að þær hafi átt sér stað og biðst velvirðingar á þeim“. Jafnframt tekur yfirkjörstjórnin fram að með endurtalningunni hafi kjörstjórnin leiðrétt þau mistök sem hafi átt sér stað. Hvað viðkemur varðveislu kjörgagna kemur fram í fundargerðinni að á meðan fundarfrestun yfirkjörstjórnar stóð frá kl. 07.35 til kl. 13.00 hafi kjörgögn verið geymd í sal Hótel Borgarness þar sem talningin fór fram en hann hafi verið læstur og öryggismyndavélar væru við inngang hans. Í greinargerð formanns yfirkjörstjórnarinnar er ekki að finna nánari upplýsingar um hvernig varðveisla kjörgagna hafi verið tryggð eða hvernig aðgangi að talningarsalum hafi að öðru leyti verið háttað. Í greinargerð formanns yfirkjörstjórnar 28. september kemur fram að upptökur úr öryggismyndavél hafi verið sendar lögreglu. Ritari landskjörstjórnar óskaði sérstaklega eftir því við formann yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að hann aflaði staðfestingar um tiltekin atriði varðandi upptökur úr öryggismyndavélum en slík staðfesting barst ekki. Að mati landskjörstjórnar hefur ekki borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi.

Hlutverk landskjörstjórnar er nánar afmarkað í stjórnarskrá og lögum um kosningar til Alþingis. Ákvæði þeirra gera ekki ráð fyrir því að landskjörstjórn geti haft afskipti af störfum yfirkjörstjórna, til að mynda gefið þeim fyrirmæli um framkvæmd talningar eða mælt fyrir um endurtalningu. Hins vegar verður að líta svo á, einkum með vísan til 106. og 105. gr. laga um kosningar til Alþingis, að það sé hlutverk landskjörstjórnar að leiða sem best í ljós hvaða upplýsingar og gögn frá yfirkjörstjórnnum kjördæma liggja til grundvallar við vinnu

landskjörstjórnar um úthlutun þingsæta. Hefur landskjörstjórn þá jafnframt í huga mikilvægi þess að almennt ríki traust um framkvæmd kosninga.

Í samræmi við framangreint og samkvæmt 106. gr., sbr. 105. gr. laga um kosningar til Alþingis telur landskjörstjórn sér skylt að úthluta þingsætum, kjördæmissætum og jöfnunarsætum, á grundvelli skýrslna um kosningaúrslit sem henni berast frá yfirkjörstjórnnum. Fellur það utan valdsviðs landskjörstjórnar að taka afstöðu til hugsanlegra ágalla á framkvæmd kosninga í einstökum kjördæmum eða hvort, og þá hvaða, áhrif slíkt hafi á gildi kosninga. Leggur landskjörstjórn áherslu á að í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar er það hlutverk Alþingis að úrskurða um hvort til staðar kunni að vera þeir gallar á framkvæmd kosninga sem ætla megi að hafi haft áhrif á úrslit þeirra, sbr. einnig 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Björn Leví Gunnarsson telur óljóst í bókun landskjörstjórnar hvenær símtal við oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmi átti sér stað. Einnig er óljóst hvaða skýrslur bárust landskjörstjórn.

Magnús D. Norðdahl leggur fram svohljóðandi bókun: „Magnús D. Norðdahl, umboðsmaður lista Pírata í Norðvesturkjördæmi, leggur fram eftirfarandi bókun á fundi Landskjörstjórnar, sem haldinn er 1. október 2021, kl. 16.00. Tilgangur fundarins er að úthluta þingmönnum kjörbréf í samræmi við úrslit kosninga til Alþingis sem haldnar voru laugardaginn 25. september 2021. Bókun þessi er lögð fram með vísan til 112. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

1. Fyrir liggur að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis braut gegn mikilvægum ákvæðum XV. kafla kosningalaga við meðferð kjörgagna og talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Eru ágallar verulegir og með engu móti hægt að útiloka að þeir gætu hafa haft áhrif á úrslit kosninga til Alþingis 25. september 2021. Annmarkarnir á framkvæmd kosninganna fela í sér hættu á að átt hafi verið atkvæði og þar með ákvarðanir kjósenda. Ekki er því hægt að varna ógildingu með vísan til þess að lýðræðislegur vilji kjósenda sé skýr enda er þvert á móti kominn upp verulegur vafi um þann vilja.

2. Ber því að ógilda kosningu í Norðvesturkjördæmi og fyrirskipa uppkosningu.

3. Í framhaldi af breyttum niðurstöðum yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis um úrslit kosninga í kjördæminu óskaði Landskjörstjórn eftir greinargerð allra yfirkjörstjórna um framkvæmd

kosninganna og talningu atkvæða. Barst greinargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis til Landskjörstjórnar hinn 28. september 2021.

4. Að loknum fundi Landskjörstjórnar 28. september 2021 las formaður hennar upp bókun þar sem fram kom að ekki hefði borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis að meðferð kjörgagna hefði verið fullnægjandi. Það væri hlutverk Alþingis samkvæmt stjórnarskrá að staðfesta úrslit þingskosninganna.

5. Í ljósi þess að Landskjörstjórn hefur staðfest að meðferð kjörgagna í Norðvesturkjördæmi hafi ekki verið fullnægjandi, m.a. hafi kjörgögn verið óinnsiglið eftir talningu þeirra, sem í beinni andstöðu við ákvæði kosningalaga, er þess farið á leit við Landskjörstjórn að hún ákveði að fresta útgáfu kjörbréfa til allra frambjóðenda í Norðvesturkjördæmi, sem og útgáfu kjörbréfa til allra frambjóðenda sem fá þingsæti sem jöfnunarþingmenn.

6. Ef Landskjörstjórn telur sig ekki geta orðið við beiðni um frestun á útgáfu kjörbréfa til framangreindra frambjóðenda í Norðvesturkjördæmi og í jöfnunarþingsætum, er þess farið á leit að Landskjörstjórn upplýsi Alþingi um að rannsókn hennar á framkvæmd kosninga og meðferð kjörgagna hafi leitt í ljós verulegan ágalla á framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi og að Landskjörstjórn leggi til við Alþingi að uppkosning fari fram í kjördæminu til að eyða allri óvissu um lögmæti kosningu þeirra 16 þingmanna/frambjóðenda sem málið varðar og um leið umboð mikilvægustu stofnunar samfélagsins, Alþingis.

7. Verði ekki orðið við framangreindum óskum er þess óskað að bókun þessi fái lögmæta meðferð á grundvelli 112. gr. kosningalaga, enda uppi ágreiningur um felldan úrskurð.

8. Til frekari skýringar er lögð fram kæra til Alþingis þar sem óskað er ógildingar kosninga í Norðvesturkjördæmi sem fram fóru 25. september 2021. Fylgir hún með bókun þessari.“

Hrönn Ríkharðsdóttir, sem er umboðsmaður S-lista í Norðvesturkjördæmi skýrir frá því að umboðsmönnum listans hafi verið sagt að þær þyrftu ekki að vera viðstaddar talninguna. Guðrún Vala Elísdóttir var ein viðstödd talningu á laugardagskvöld. Þær gera athugasemd við að fundargerð þar sem ákvörðun er tekin um endurtalningu sé ekki undirrituð af yfirkjörstjórn. Þær segjast hafa upplýsingar um að yfirkjörstjórn hafi opnað atkvæðakassa áður en umboðsmenn mættu til endurtalningar. Þær vekja athygli á að enginn annar úr yfirkjörstjórn skrifar undir greinargerð til landskjörstjórn. Þær gera alvarlegar athugasemdir við endurtalninguna í kjördæminu og að lokatölur kl. 7 á sunnudagsmorgun séu þær sem eigi að gilda.

Kristján Sveinbjörnsson sem er umboðsmaður S-lista í Suðvesturkjördæmi gerir athugasemd við framkvæmd þar. Hann hafi ekki mátt skoða atkvæðaseðla, ekki sjá hvað var bókað í gerðabók og umboðsmönnum hafi verið settar skorður á talningarsvæði. Ekki hafi ríkt trúnaður milli umboðsmanna og talningarmanna. Kristján geti ekki staðfest að tölurnar séu réttar eða að rétt hafi verið staðið að talningu í kjördæminu. Kristján segir frá því að alvarlegast sé meðferð ógildra atkvæða. Hann hafi komið að úrskurði 20 atkvæðaseðla og þeir hafi beðið til sex um morguninn en hafi ekki fengið fleiri atkvæði til úrskurðar. Einn umboðsmaður varð eftir og kom að úrskurði um það bil 10 atkvæða. Síðar hafi Kristján séð að upplýsingar hafi verið gefnar um að 117 atkvæði voru ógild. Hann setur spurningarmerki við hvort atkvæðatölur séu réttar og hvort ekki eigi að telja aftur. Kristján bendir á að yfirkjörstjórn setjist yfir útstríkanir eftir á og á þann fund hafi umboðsmenn ekki verið boðaðir. Kristján segir að þetta séu alþingiskosningar og að hlutirnir séu ekki í lagi og hafi ástandið farið versnandi og það hafi verið óviðunandi í þessum kosningum. Ráðuneytið leiðbeindi Kristjáni um að senda athugasemdir til landskjörstjórnar eða Alþingis. Hann vilji tjá sig hér og tryggja að gert verði betur í næstu kosningum. Að hans mati þurfi eftirlit að vera með einhverjum hætti en yfirkjörstjórnir séu tortryggjar í garð umboðsmanna og umboðsmenn tortryggi þar með yfirkjörstjórnir

Þórunn Birta Þórðardóttir, umboðsmaður Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi leggur fram svohljóðandi bókun: „Bókun þessi varðar ágreining vegna kosningar í Norðvesturkjördæmi og úrskurðar landskjörstjórnar um úthlutun jöfnunarsæta og útgáfu kjörbréfa. Að mati undirritaðs verður að telja að kosningin í Norðvesturkjördæmi hafi verið haldin verulegum annmarka sem kunni að varða ógildingu hennar. Í því sambandi má nefna eftirfarandi annmarka og eftir atvikum brot á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000:

- a. Afstemming atkvæða, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 99. gr. og 3. mgr. 103. gr., greiddum atkvæðum fjölgaði á milli talninga.
- b. Ákvörðun ógildra atkvæðaseðla, sbr. 1. mgr. 103. gr., en yfirkjörstjórn færði ekki fjölda ógildra seðla né ástæður þeirra í fundargerðina. Þá fjölgaði ógildum seðlum úr 24 í 35 á milli talninga.
- c. Frágangur og varðveisla kjörgagna, sbr. 104. gr., en kjörgögnin voru ekki innsiglið og varðveisla kjörgagnanna virðist ekki hafa verið nægilega trygg.

- d. Endurtalning án auglýsingar með nægilegum fyrirvara, sbr. 2. mgr. 97. gr., með þeim afleiðingum að kjósendur og umboðsmenn gátu ekki fylgst með talningunni. Nær þetta til athugunar og talningar oddvita og yfirkjörstjórnarinnar frá kl. 11.46 og þar til talningarfólk var kallað til, sem og hinnar formlegu talningar frá kl. 15, sem hófst áður en umboðsmenn höfðu tækifæri til að mæta.
- e. Umboðsmenn lista voru ekki viðstaddir og fulltrúar í þeirra stað ekki kvaddir til, sbr. 2. mgr. 98. gr.
- f. Mistök, yfirsjón og óvönduð vinnubrögð við talningu, sem birtast í ólíkri lokaniðurstöðu kjörstjórnar og svo endurskoðaðri niðurstöðu að lokinni endurtalningu.

Þess er krafist að ágreiningur þessi verði bókaður í gerðabók landskjörstjórnar og að landskjörstjórn sendi dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun þingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnnum sem ágreiningurinn er um.“

Björn Leví Gunnarsson spyr um innsigluð kjörgagna og hvort að búið sé að gera grein fyrir kjörseðlum sem hafi ekki verið notaðir. Hann spyr hvort innsigli ónotaðra seðla liggi fyrir. Björn Leví bókar ágreining um ónotuð atkvæði, ógilda atkvæðaseðla og auða atkvæðaseðla í Norðvesturkjördæmi.

Oddný Eir Ævarsdóttir bendir á að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar og að gleymst hafi að boða umboðsmenn á upplýsingafund í Ráðhúsinu. Hún hafi síðar fengið upplýsingar frá starfsmönnum. Að mati Oddnýjar er óvíst hvert verksvið umboðsmanna sé. Hana langi að nefna að um nóttina var farið fyrir atkvæði utan kjörfundar og að stór bunki af þeim hafi verið ógild því á þau vantaði undirskrift kjörstjóra.

Formaður tekur við afritum af bókunum Magnúsar Norðdahl og Þórunnar Birtu Þórðardóttur.

Gert er hlé á fundinum kl. 16.32.

Fundi framhaldið kl. 16.49.

Skýrslum um úrslit alþingiskosninganna 2021 er dreift til umboðsmanna.

Hrönn Ríkharðsdóttir og Guðrún Vala Elísdóttir taka fram að þær vilji leggja nafn sitt við bókun Þórunnar Birtu Þórðardóttur.

Formaður skýrir frá því að á fundinum hafi umboðsmenn lýst ýmsum vanköntum sem þeir telja hafa verið á framkvæmd kosninganna. Það er mat landskjörstjórnar að framkomnar athugasemdir breyti ekki þeirri skyldu hennar til að úthluta þingsætum. Formaður tekur fram að bókanir umboðsmanna séu teknar niður og fundargerð landskjörstjórnar verði afhent dómsmálaráðuneyti og Alþingi.

Landskjörstjórn samþykkir að úthluta þingsætum og gefur úr kjörbréf.

3. Útgáfa kjörbréfa.

Samþykkt að gefa út kjörbréf til alþingismanna og varþingmanna, alls 126 kjörbréf. Kjörbréfin verða varðveitt í skjalasafni Alþingis og þingmenn og varaþingmenn fá send ljósrit þeirra.

4. Auglýsing til birtingar í Stjórnartíðindum um úrslit kosninganna.

Samþykkt og undirrituð af landskjörstjórn.

5. Tilkynning til Stjórnarráðsins um úrslit kosninganna og sendingu nafna hinna kjörnu fulltrúa til birtingar í Stjórnartíðindum, sbr. 111. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Tilkynning til forsætisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins um úrslit kosninga samþykkt og undirrituð.

6. Breyting á fjölda kjördæmissæta, sbr. 9. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Fyrir liggur minnisblað Stefáns Inga Valdimarssonar um útreikning á færslu þingsæta í kjölfar alþingiskosninga 2021. Með því fylgir tafla um skiptingu þingsæta. Landskjörstjórn samþykkir töfluna og undirritar auglýsingu til Stjórnartíðinda á grundvelli hennar að við næstu kosningar til Alþingis verði 6 kjördæmissæti í Norðvesturkjördæmi, 9 kjördæmissæti í Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður og Reykjavíkurborgkjördæmi norður og 12 kjördæmissæti í Suðvesturkjördæmi. Fjöldi jöfnunarsæta er sem segir í 2. mgr. 8. gr. laga um kosningar til Alþingis.

7. Önnur mál.

Erindi Réttar, Sigurðar Arnar Hilmarssonar lögmanns, f.h. Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttir. Lögmanninum hafa verið sendar greinargerðir yfirkjörstjórna og fundargerðir þeirra sem landskjörstjórn bárust 27. og 28. september. Landskjörstjórn telur að erindi lögmannsins verði að öðru leyti

svarað með vísun til bókunar undir lið 2. Ritara landskjörstjórnar falið að senda honum afrit.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.55.

Eftir fund afhendir Hrönn Ríkharðsdóttur ritara landskjörstjórnar afrit af bréfi hennar til yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, dags. 27. september 2021 á Akranesi, um framkvæmd endurtalningar vegna alþingiskosninga 2021. Í bréfinu er farið fram á að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis taki til skoðunar ákvörðun um endurtalningu atkvæða í kjördæminu. Gerðar eru athugasemdir við að kjörgögn hafi ekki verið innsiglið að talningu lokinni og að umboðsmenn hafi ekki verið mættir þegar talning hófst. Óskar Hrönn eftir að fá afrit gerðabókar yfirkjörstjórnarinnar og leggur fram kröfu um að horft verði fram hjá niðurstöðu endurtalningarinnar og niðurstöður fyrri talningar verði látnar standa.

Staðfest endurrit 4.10.2021.

Kristín Edwald

Páll Halldórsson

Anna Tryggvadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir

Ólafía Ingólfssdóttir